

KIRKJUGARÐARÁÐ

126. fundur haldinn mánudaginn 12. október 2015 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason, sem stjórnaði fundinum í fjarveru Ragnhildar Benediktsdóttur, Þórsteinn Ragnarsson, Margrét Jónsdóttir varamaður Valtýs Valtýssonar, Smári Sigurðsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson. Kristinn Magnússon sat fundinn í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur og ritaði fundargerð

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerð 125. fundar samþykkt með nokkrum breytingum.

2. Bréf kirkjugarðaráðs til kirkjuráðs

Kirkjugarðaráð sendi bréf til biskups og kirkjuráðs þar sem óskað er liðsinnis til þess að fá leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarðsmála. Í bréfið vantaði fjárhæð heildarskerðingar framlags ríkisins til kirkjugarða skv. samkomulagi við ríkið. Þær upplýsingar voru ekki fáanlegar hjá ráðuneytinu. Bréfið var tekið fyrir á síðasta kirkjuráðsfundi.

3. Kirkjugarðar Siglufjarðar - kynning

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir ástandi Ráeyrarkirkjugarðs, m.a. með myndum. Ætlunin er að komið verði á þriggja manna framkvæmdanefnd til að laga ástýnd Ráeyrarkirkjugarðs og gerð framkvæmdaáætlun fyrir garðinn til ársins 2019.

4. Kirkjugarðurinn á Ólafsfirði – styrkbeiðni

Afgreidd var styrkbeiðni vegna lagfæringa á hluta af steiptum vegg sem umlykur kirkjugarðinn.

5. Kirkjugarðurinn í Saurbæ í Eyjafirði - verklok

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti verklok við endurbætur á kirkjugarðinum. Fundarmenn voru sammála um að mjög vel hefði til tekist og að þetta verkefni sé öðrum til fyrirmyndar.

6. Kirkjur Íslands - Múlaprófastsdæmi

Bækurnar, tvö bindi, voru lagðar fram til kynningar. Nú á einungis eftir að gefa út þrjú bindi í ritröðinni og munu þau fjalla um kirkjur og kirkjugarða á Vestfjörðum.

7. Ársreikningur kirkjugarðasjóðs 2014 lagður fram

Reikningurinn hefur verið endurskoðaður af Ríkisendurskoðun. Reikningurinn barst ekki frá Ríkisendurskoðun fyrr en rétt fyrir fundinn og því gafst ekki tími til að senda fulltrúum í kirkjugarðaráði reikninginn fyrir fundinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson mun afrita reikninginn og senda hann til ráðsmanna. Reikningurinn sýnir að afkoma sjóðsins var góð og skilaði hann 2,2 millj. kr. í afgang á árinu 2014. Reikningurinn verður að venju lagður fyrir kirkjuþing til kynningar en áður þurfa aðalmenn í kirkjugarðaráði að undirrita hann.

8. Næsti fundur

Mánudaginn 9. nóvember.

9. Önnur mál

a. Fyrir liggja drög að skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar. Nefndin var skipuð til að fjalla um hvort og þá hversu mikið frávik hafi orðið á framlagi ríkisins til kirkjugarða miðað við samkomulag sem gert var þar um á sínum tíma. Einnig átti nefndin að fjalla um frumvarp um gjaldtöku fyrir þjónustu kirkjugarðanna sem legið hefur í salti mjög lengi og ekki verið lagt fram á Alþingi. Þórsteinn Ragnarsson er fulltrúi kirkjugarðaráðs í nefndinni. Hann er ósáttur við niðurstöðu meirihluta nefndarinnar og mun væntanlega leggja fram sérálit þegar nefndin skilar skýrslu sinni til ráðherra.

b. Árbók kirkjunnar 2014-2015 var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 14:45.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristinn Magnússon,
ritari